

Frá: Barnaverndarnefnd Reykjavíkur og sviðsstjóra velferðarsviðs  
Til: Skrifstofustjóra borgarstjórnar, Helgu Bjarkar Laxdal  
Efni: Svar við fyrirspurn dags. 16. febrúar 2018  
Dags. 20. febrúar 2018

---

Með tölvubréfi frá skrifstofustjóra borgarstjórnar til undirritaðra, dags. 16. febrúar 2018, var óskað eftir svari við eftirfarandi fyrirspurn:

*„Hvernig gat það viðgengist að starfsmaður Reykjavíkurborgar sem grunaður var um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum og starfaði áfram með þeim?*

*Hvenær var borgarstjóri upplýstur um málið, hvernig var brugðist við og hvaða ráðstafanir voru gerðar?“*

Velferðarsvið og Barnaverndarnefnd Reykjavíkur taka málið mjög alvarlega og hefur verið unnið að því að afla upplýsinga frá því að lögregla tilkynnti um málið í janúar sl. Framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur fékk formlegar upplýsingar um málið á fundi með lögreglu þann 18. janúar síðastliðinn og sama dag upplýsti hún sviðsstjóra um málið. Daginn eftir var viðkomandi aðili handtekinn og settur í gæsluvarðhald.

Varðandi þann þátt sem lýtur að vitneskju borgarstjóra þá er rétt í upphafi að vekja athygli á 13. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem ætlað að tryggja sjálfstæði barnaverndarnefnda, einkum gagnvart sveitarstjórn. Þannig eru lögfestar meginreglur sem undirstrika faglegt sjálfstæði barnaverndarnefndanna þar sem starf þeirra er ópólitískt. Sjálfstæði barnaverndarnefnda leiðir einnig af þeim reglum laganna sem kveða á um sérstakt eftirlit með störfum þeirra. Þannig eru barnaverndarnefndir háðar eftirliti Barnaverndarstofu og ákvarðanir þeirra kærnanlegar til kærunefndar barnaverndarmála eða dómstóla en ekki sveitarstjórnar. Kom því í hlut sviðsstjóra velferðarsviðs að upplýsa borgarstjóra um málið, sem sinn næsta yfirmann, og fulltrúar velferðarsviðs og Barnaverndarnefndar fóru ítarlega yfir málið á fundi borgarráðs og á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar síðastliðinn.

Staðreyndir málsins eru þær að fyrrverandi starfsmaður skammtímaheimilis hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 19. janúar sl., grunaður um kynferðisbrot gagnvart börnum um margra ára skeið til ársins 2010. Rétt er að vekja athygli á því að samkvæmt lögreglu er ekki grunur um að brotin hafi beinst að börnum sem vistuð voru á skammtímaheimilinu á vegum Reykjavíkurborgar.

Í fjölmiðlaumræðu hefur komið fram að tilkynningar þess efnis hafi borist Barnavernd Reykjavíkur árin 2002 og 2008 án þess að brugðist væri við. Látið hefur verið að því liggja í

umræðum á Alþingi og í fjölmiðlum að Barnaverndarnefnd teldi að það væri eðlilegt að tilkynningu um starfsmann á skammtímaheimili fyrir unglunga, sem hefði gerst brotlegur við börn, væri vísað frá þar sem um lögráða einstaklinga væri að ræða. Það er fjarstæðukennt að Barnaverndnefnd telji eðlilegt að vísa slíkum tilkynningum frá þegar um er að ræða starfsmenn sem starfa með börnum. Slíka tilkynningu hefði að sjálfsögðu átt að taka alvarlega og ljóst er að starfsmaður með slíkan bakgrunn ætti alls ekki að starfa með börnum.

Engin spor hafa fundist varðandi ártalið 2002 og hvorki lögregla né réttargæslumaður hafa getað gefið neinar vísbindingar.

Hins vegar hefur aðili gefið sig fram sem segist hafa hringt árið 2008 með nafnlausu ábendingu um þennan tiltekna starfsmann. Ekki er enn vitað hver tók við símtalinu og Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar rannsakar nú hvers vegna tilkynningin barst ekki til stjórnenda Barnaverndar. Þeirri rannsókn er ekki lokið.

Velferðarsvið og Barnaverndarnefnd Reykjavíkur leggja ríka áherslu á að allir fletir þessa máls verði kannaðir rækilega í samvinnu við Innri endurskoðun borgarinnar. Framkvæmt verður sérstakt áhættumat á allri starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur og allir verkferlar varðandi ábendingar og tilkynningar til Barnaverndar endurskoðaðir með það að markmiði að koma í veg fyrir að mistök eigi sér stað.

Loks hefur viðamikil úttekt verið í undirbúningi á barnaverndarstarfi Reykjavíkurborgar í heild sinni og starfsaðstæðum barnaverndarstarfsmanna. Sú rannsókn var ákveðin áður en þetta mál kom upp og mun atburðarrás síðustu daga og vikna hafa áhrif á innihald þeirrar úttektar.

---

Í ljósi framangreinds og vegna þess að umræða um slík mál er eðli málsins viðkvæm er af hálfu Barnaverndarnefndar Reykjavíkur óskað eftir því að eftirfarandi atriði verði höfð í huga þegar málið er á dagskrá borgarstjórnar:

- Í ljósi fyrrnefndrar 13. gr. barnaverndarlaga er ekki æskilegt að umræða um einstök barnaverndarmál fari fram á vettvangi borgarstjórnar. Varðandi almenna umræðu um barnaverndarmál þá skal ítrekað að málaflokkurinn er mjög viðkvæmur. Þess vegna er óskað eftir því að umræða um slík mál fari fram með yfirveguðum hætti á vettvangi borgarstjórnar.
- Innri endurskoðun borgarinnar er að rannsaka hvort eitthvað, og þá hvað, fór úrskeiðis vegna hugsanlegrar tilkynningar árið 2008. Þá er lögreglurannsókn í gangi vegna fyrrnefnds starfsmanns skammtímaheimilis. Rannsóknnum er ekki lokið og því óskað eftir því að umræða um tilkynninguna fari fram með yfirveguðum hætti.
- Þegar hefur farið fram umræða í velferðarnefnd í kjölfar málsins um gildandi reglur og viðbrögð velferðarsviðs og Barnaverndar þegar upp koma tilkynningar um

kynferðisbrot gegn börnum. Meðfylgjandi eru verklagsreglur við móttöku tilkynninga hjá Barnavernd Reykjavíkur.